



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri
(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Gaukur Hjartarson
Skipulags- og byggingafulltrúi
Norðurþing
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

mánudagur, 5. júlí 2021
MÍ202106-0009/ 6.09 / S.G.

Umsögn um deiliskipulagsbreytingu á Röndinni á Kópaskeri

Með tölvupósti sendum 1. júní 2020 óskaði Sigurdís Sveinbjörnsdóttir aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulagsbreytingu vegna fiskeldis á Röndinni á Kópaskeri uppdráttur dagsettur 10.5.2021.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir svæðið af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur frá Fornleifastofnun Íslands.¹ Minjastofnun ritaði umsögn um deiliskipulagið dagsetta 28. janúar 2020 (MÍ202001-0020/ 6.09 / S.G.). Þar kom fram að ein meint fornleif væri í stórhættu vegna skipulagsins, en þar sem um meinta fornleif var að ræða samþykkti stofnunin skipulagið með þeim fyrirvara að minjavörður myndi fara á staðinn þegar aðstæður leifðu til að rannsaka minjarnar. Það var gert þann 19. ágúst 2020 og kom þá í ljós að minjastaður NÐ-067:060 er ekki fornleif og því ekki friðaður samkvæmt lögum um menningarminjar nr 80/2012, sjá bréf minjavarðar sent sama dag (MÍ202001-0020/ 6.09 / S.G.)

Engar þekktar fornleifar eru því á skipulagsreitnum og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við auglýsta deiliskipulagsbreytingu.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir: *Röndin á Kópaskeri: Deiliskráning vegna hugmynda um uppbyggingu fiskeldis*. Fornleifastofnun Íslands FS 752-19161, Reykjavík 2019

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðilar var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:
Skipulagsstofnun

